

**Ed.**

**57. Frumvarp til laga**

[53. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. nr. 30 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

**1. gr.**

Aftan við 3. málsgr. 11. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú fullnægir sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum 3. málsgr., og er þá félagsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess, ef högum umsækjanda er þannig háttáð, að mati ráðherra, að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Síðan skyldusparnaður var fyrst leiddur í lög hér á landi með setningu laga nr. 42 1. júní 1957 hefur mikill fjöldi einstaklinga á skyldusparnaðaraldri, sem ekki hafa fullnægt hinum ströngu skilyrðum laganna til endurgreiðslu á skyldusparnaðarfé, leitað eftir að fá það endurgreitt. Í mörgum tilfellum er högum þessa fólks þannig háttáð að því er brýn nauðsyn að fá skyldusparnaðarfé sitt endurgreitt. Til þess geta legið margvíslegar og veigamiklar ástæður, svo sem t. d. ef um er að ræða öryrkja eða einstæða foreldra. Einnig geta aðrar félagslegar ástæður verið þannig hjá umsækjanda, að ekki sé rétt að neita honum um slíka endurgreiðslu.

Af framansögðum ástæðum er því lagt til í frumvarpi þessu, að félagsmálaráðherra verði veitt heimild til að leyfa undanþágu til endurgreiðslu skyldusparnaðarfjár, ef hann telur brýna nauðsyn bera til þess.